

Tímarit

Íslenskra samvinnufélaga

17. árgangur



Útgefandi: Samband íslenskra samvinnufélaga
Ritstjóri: Jónas Jónsson frá Hríflu
Reykjavík 1923 - Prentsmíðjan Acta

Efnisyfirlit.

	Bls.
<i>Jónas Jónsson</i> : Heima og erlendis	1
<i>G. J. Hlíddal</i> og <i>Bogi A. J. Þórðarson</i> : Ullariðnað- armálið	19
<i>Páll Jónsson</i> : Lánstofnanir fyrir landbúnaðinn . . .	40
<i>Jónas Jónsson</i> : Heima og erlendis	49
<i>Jón Gunnarsson</i> : Vegagerð í Noregi	52
<i>Jónas Jónsson</i> : Samvinnuskólinn 1922—1923	57
<i>Böðvar Magnússon</i> og <i>Kristinn Ógmundsson</i> : Kynnis- fyr sunnlenskra bænda til Norðurlands vorið '20 . . .	76
<i>Jón Sigurðsson</i> : Ferð um Austurland veturinn 1923 .	125
<i>Jónas Jónsson</i> : Kaupfélögin	142
<i>Friðgeir Björnsson</i> : Kaupauðgisstefnan.	149
<i>Jónas Jónsson</i> : Auguste Comte	160
<i>Jónas Jónsson</i> : Félagsmálaþekking	175

Auguste Comte.

Á Frakklandi sunnanverðu er bærinn Montpellier. Íbúar eru lítið eitt færri en á Íslandi. Þar fæddist 1798 Auguste Comte, einn hinn merkilegasti heimspekingur, sem uppi hefir verið. Hann hefir rutt braut nýrri heimsskoðun, raunspekinni, og er talinn höfundur vísindalegrar félagsfræði.

Faðir Comtes var skattheimtumaður, ekki efnaður. Bæði hjónin voru mjög fylgjandi kaþólskum sið, og konungsstjórn. Um bæði þessi mál varð sundurþykkja milli sonarins og foreldranna.

Comte var snemma settur til menta í ættborg sinni. Hann var námfús og reglusamur. Mjög fús að hlýða þeim boðum, sem hann taldi bygð á rétti og sannindum, en þver og ósveigjanlegur, ef honum fanst beitt gerræði og rangindum. Drengurinn óx upp samtíða veldi Napóleons mikla, þegar Frakkland bar um stund ægishjálms yfir öllum öðrum löndum. Stjórnarbyltingin og heimsveldi keisarans höfðu mikil áhrif á lífsstefnu hins unga manns. Sextán ára gamall kom Comte til Parísar og gekk í þá vísindadeild, sem nefnd var fjöllistaskóli. Þar var kenslan að mörgu leyti nýstárleg. Fjöllistaskólinn var stofnsettur á byltingarárunum. Hinir nýju valdhafar vildu styðjast við nýja þekkingu, þ. e. náttúruvísindin. Fjöllistaskólinn varð meginstöð náttúruvísindalegrar kenslu í landinu, ekki síst að því leyti, sem þekking á lögum náttúrunnar getur hjálpað mönnum til að gera náttúruöflin sér undirgefin. Skóli þessi hefir haft geysimikil áhrif í Frakklandi. Lærisveinar þaðan hafa staðið fyrir mörgum hinum mestu mannvirkj-

um þar í landi: lagningu járnbrauta, hafnargerðum og skipaskurðum. Lesseps, sem stýrði verki við Suesskurðinn, hafði numið í fjöllistaskólanum.

Litlu eftir að Comte kom til Parísar, var Napoleon fyrsta hrundið af stóli, en við völdum tók hin gamla, íhalds-sama konungsætt, er ráðið hafði Frakklandi öldum saman. Var nú leitast við á margan hátt að afmá flest það, er minti á stjórnarbyltinguna og keisaradæmið. En fjöllistaskólinn var barn byltingarinnar og gat ekki afneitað eðli sínu. Mjög margir af lærisveinunum voru lýðveldissinnar, og einn af þeim var Comte. Stjórnin hafði illan bifur á skólanum. Nú bar svo til, að nemendur lögðu fæð á einn kennarann og sýndu nokkur merki þess opinberlega. Comte var þar framarlega í flokki. Stjórnin notaði tækifæri þetta, lét loka skólanum um stund og tvístra lærisveinunum. Þetta var 1816. Comte hafði þá numið í fjöllistaskólanum í tvö ár. Skólagöngu hans var nú lokið. Hann var þá aðeins 18 ára. En svo vel hafði hann unnið að námi sínu, að undirstaða sú, er hann hafði fengið, varð honum nægileg til að skilja vel meginþætti allra náttúruvísinda, stærðfræði og heimspeki.

Comte hvarf í bili heim til foreldra sinna, en aðeins skamma stund. Þekkingarleit hans hafði ekki nægilegt starfssvið í smábæ úti á landi. París, „hjarta heimsins“, með sínum margháttuðu menningarlandum, heillaði hug hans. Comte leitaði þangað aftur von bráðar og bjó síðan í París, oftast við þröng kjör, það sem eftir var æfingar.

Comte byrjaði að hafa ofan fyrir sér með illa launadri tímakenstu. Tekjurnar voru sárlitlar, og hann varð að síð fátækra námsmanna að leigja þakherbergi uppi undir súð, þar sem hitinn er mjög óþægilegur á sumrin. En þrátt fyrir fátæktina hafði Comte aðstöðu til að lesa mikið og halda áfram heimspekisnámi sínu, einkum sögu vísindanna. Eitt sinn gerðist hann út úr neyð húskennari hjá efnuðum manni. Þar fékk hann gott herbergi og þægilega aðbúð. En um leið þótti honum vistin bindandi, leiðinleg og ófrjáls. Hann kaus heldur fátæktina og frelsið, og flutti aftur í

sitt gamla þakherbergi eftir 3 vikna dvöl við ytri þægindi. Honum datt í hug að flytja til Ameríku, en hætti við það, því að einn af vinum hans benti honum á, að þar myndi jafnvel mesti stærðfræðingur þeirrar aldar, Lagrange, verða að vinna fyrir sér með landmælingum. Þar væru verklegu framkvæmdirnar fyrsta og síðasta boðorðið. Á þessum árum var Comte mjög hrifinn af Benjamín Franklín. „Eg vil reyna að líkjast þessum Sókrates nútímans“, ritaði Comte einum skólabróður sínum, „ekki að hæfileikum, heldur að lífsstefnu. Þú veist, að þegar Franklín var 25 ára, hafði hann ásett sér að verða vitur maður, og efndi það heit. Eg hefi heitið hinu sama, þótt eg sé ennþá ekki tvítugur“.

En þegar Comte var tvítugur, kyntist hann þeim manni, sem hafði mest áhrif á lífsstefnu hans. Það var Saint Simon, hinn fluggáfaði umbóta- og draumsjónamaður (1760—1825). Saint Simon var af gamalli, ríkri greifaætt. En á unga aldri varð hann hrifinn af hinum frægu rithöfundum 18. aldarinnar, sem gagnrýndu einveldið og ágalla þess. Saint Simon var einn af þeim mörgu frönsku sjálfboðaliðum, sem gekk í lið með Bandaríkjamönnum í frelsisstríði þeirra gegn Englendingum. Nokkrum árum eftir heimkomuna frá Ameríku hófst byltingin mikla í Frakklandi. Saint Simon var henni fylgjandi í fyrstu, og lagði niður aðalstign til að sanna jafnréttistrú sína í verkinu. Þessi fórn var þó ekki nógu mikil. Byltingarmennirnir vörpuðu honum í fangelsi, þótti hann „grunsamur“. Að líkindum hefði Saint Simon endað á höggstokknum, ef Robespierre hefði lifað lengur. Framan af æfi átti Saint Simon miklar eignir. En hann var bæði eyðslusamur sjálfur og hafði auk þess oft um sig sveit lærðra manna, ekki síst kennara og nemendur úr fjöllistaskólanum. Ýmsir af frægustu mönnum Frakklands á þeirri öld voru lærisveinar hans, t. d. Carnot, hermálaráðherrann frægi, sem undirbjó sigra Napoleons með skipulagi sínu á franska hernum, Lesseps, sem áður er nefndur, Comte og hinn nafnkendi

sagnfræðingur Thierry o. fl. Tveir hinir síðastnefndu voru um stund nokkurskonar einkaritarar hans.

Saint Simon hafði í upphafi fagnað mjög byltingunni. En brátt sýndi reynslan, að lítt mentaður múgur kann hvorki að stjórna sér eða nokkru landi. Saint Simon þráði meira réttlæti og þroska, heldur en reynslan sýndi að leitt gat af umbrotum Jakobína. Þeir vildu koma á stjórnarfræðilegu jafnrétti. Að nokkru leyti gat það tekist. En þá var eftir annað ójafnræði, hið fjárhagslega. Saint Simon þótti það lítið jafnrétti, að einn byrjaði með fullar hendur fjár, en annar blásnaður. Hver átti að njóta sinna hæfileika, en ekki forfeðranna. Þessvegna vildi hann láta upphefja erfðaréttinn og koma nýju skipulagi á félagslífið. Lögfræðingarnir áttu að hverfa frá stjórn og forustu opinberra mála. Hin innantóma formsdýrkun lögfræðinnar var í augum Saint Simon hættuleg fyrir framfarir mannkynsins. Saint Simon gerði höfuðmun á skapandi og gagnrýnandi tímabilum. Miðöldin þótti honum allgóður tími. Þá var katólska kirkjan hið sterka andlega vald, sem hélt þjóðunum saman. Síðan kom upplausnarandinn og skipulagsleysið, hin neikvæða og niðurrífandi heimspeki 17. og 18. aldar. Vanmátt samtíðar sinnar taldi Saint Simon stafa af því, að hið gamla skapandi afl, kirkjan, hafði mist tök á mönnum, en hið nýja vald, vísindin, ekki enn sest í hásetið. Að dómi Saint Simon voru það vísindin ein og ekki annað, sem gátu hjálpað mönnum. Þessi dýrkun á vísindunum dró kennara og gáfaða nemendur úr fjöllistaskólanum að skoðunum hans. Fjöllistaskólinn var höfuðvirki náttúruvísindanna í Frakklandi á þeirri öld, og Saint Simon var um stund hinn áhrifamesti talsmaður þeirrar trúar, sem byggði framtíðarvonir mannkynsins á vaxandi gengi vísindanna. Saint Simon hafði í aðalatriðum ljósa hugmynd um þróun vísindanna. Þau byrja jafnan, segir hann, með því að byggja á takmarkaðri reynslu, meir og minna lausum ágiskunum. Stjórnufræðin var fyrst stjórnuþáfræði. Efnifræðin var í fyrstu gullgerð. Liffraðin og sálarfræðin þróast smátt og smátt og komast á vísindastigið. Að lokum verður heim-

spekin eða lífsvísindin „pósitiv“, þ. e. byggð á reynslunni og glöggum skilningi á lögmáli náttúrunnar. Til að styðja að sigri vísindanna, vildi Saint Simon gefa út allsherjar fræðirit, sögu og niðurstöður vísindanna. Það átti að undirbúa hina andlegu gerbreytingu, eins og hin mikla, franska alfræðiorðabók á 18. öld hafði greitt götu hinnar stjórnarfarfarslegu breytingar. Vegna þessa mikla útgáfuverks, sem þó komst aldrei í framkvæmd, hafði Saint Simon mikla löngun til umgengni og samstarfs við fræðimenn og hugsunarskörungur.

Eftir því sem árin liðu tók Saint Simon að gerast óþolinmóðari að bíða eftir hinni andlegu breytingu, og verður síðar vikið að því. Hugur hans snerist meir og meir að mannlífsumbótum. Hann vildi skapa nýtt þjóðfélag og nýjan kristindóm. Í hans nýja ríki átti þekkingin að ráða, bæði hin vísindalega þekking heimspekinganna og hin raungæfa þekking forkólfanna í atvinnurekstri. Kristindómurinn átti að vera framkvæmd á boði kærleikans, en kreddulaus. Menn áttu að sækjast eftir fegurð og göfgi þessa lífs, án launavona eða uggs við annað líf. Eftir því sem aldur færðist yfir Saint Simon, stefndi hugur hans í þessa átt, að vera einskonar spámaður og æðstiprestur nýrrar mannlífstrúar.

Þessum manni kyntist Comte tveim árum eftir að hann hvarf úr fjöllistaskólanum. Voru þeir síðan mjög samrýmdir hin næstu 6 ár. Hin fyrstu ár var Comte lærisveinn hans og mjög þakklátur meistara sínum. „Eg á mjög mikið að þakka Saint Simon“, segir Comte þá í bréfi. „Með stuðningi hans hefir mér orðið auðveldara að mynda mér fasta stefnu í heimspekilegum rannsóknum. Og eftir þeirri braut mun eg halda áfram meðan æfin endist og hvorki líta til hægri eða vinstri“. Og í öðru bréfi segir hann: „Eg hefi verið tengdur böndum vináttu og samstarfs einum hinum skarpvitrasta manni, sem nú er uppi um alt, er lýtur að stjórn málaheimspeki. Eg hefi lært af honum fjölmargt, sem eg hefði árangurslaust leitað að í bókum og fræðiritum, og eg hefi þroskast meir á hálfis árs kynningu

við hann, heldur en eg hefði annars getað með þriggja ára bóklestri í einveru“. Þessir tveir menn voru ákaflega ólíkir. Saint Simon hafði gáfnalag skálds, spámanns eða listamanns. Andleg átök hans voru eins og neistaflug. Hann sá bregða fyrir leiftrum og spámannlegum hugsunum. Aðrir gátu gert brotabrot hans að samstæðri heild. Sjálfur gat hann það ekki. Comte var aftur á móti hinn fastlyndi hugsunarskörungur. Í huga hans raðaðist öll þekking í skipulegar fylkingar. Hann var fús að verja allri sinni æfi til að byggja heimspekiskerfi úr einni eða tveimur meginsetningum mannglegrar reynslu.

Áhrif Saint Simon á Comte sýnast hafa verið mikil og margsáttuð. Hann gaf Comte hugmyndina um að vísindin voru í byrjun 19. aldar að verða hið mikla skapandi og samtengjandi vald, sem kirkjan hafði verið á miðöldunum. Að náttúrulög ráða í félagslífi manna öllu og stjórn málum, og að hið sanna verkefni félagsvísindanna er að vera mannbætandi, koma á skipulagi um breytni og í félagslegri viðbúð manna.

Árið 1824 slitnaði til fulls vinátta þessara tveggja manna og breyttist frá hálfu Comtes í fullan fjandskap. Bar margt til þessa sundurþykkis. Tveim árum áður hafði Comte gefið út merkilega ritgerð, þar sem í voru frumdrættir að heimspeki hans, meðal annars skýrð þróun þekkingarinnar og hin þrjú stig. Saint Simon vildi eignast sér að nokkru leyti heiður fyrir þetta verk, láta eins og það tilheyrði sinni stefnu eða skóla, væri að meira eða minna leyti hold af hans holdi. Þetta þoldi Comte ekki, sem varla var von. Fleira varð og til sundurþykkis. Comte gerði í grein þessari ráð fyrir, að engar verulegar breytingar væri hægt að gera í félagslegum efnum, nema vísindin hefðu rutt brautina. Þetta hafði Saint Simon áður talið rétt vera. En nú vildi hann skjóta á frest hinum andlegu umbótum, og hefjast handa með framkvæmdir í félagsmálefnum. Í þriðja lagi kom til greina aldursmunur og mismunandi aðstaða. Þegar Saint Simon og Comte kyntust fyrst, var annar aldraður, hinn barnungur, annar fræg-

ur og áhrifamikill maður, hinn byrjandi, annar á kyrstöðuskeiði efri ára, hinn móttækilegur fyrir hverskonar áhrif, annar meistari, hinn lærisveinn. En eftir nokkur ár var aðstaðan önnur. Yngri maðurinn var þá að sumu leyti kominn langt fram úr meistara sínum. Milli þeirra var hið sama óútkljáða þrætumál, eins og oftast er milli kynslóða, þar sem önnur er komin á grafarbakkan, en hin að byrja lífið. Kynningu þeirra lauk með fullri óvináttu, og Comte var þá svo ósanngjarn að halda því fram, að hann hefði aðeins haft ógagn af því að þekkja Saint Simon. Ári síðar andaðist Saint Simon, en sumir af hinum tryggju lærisveinum hans héldu uppi deilu við Comte nokkra stund. Olli það honum skapraun og erfiði.

Litlu síðar giftist Comte borgaralega ungri og gáfaðri Parísarkonu. Sambúð þeirra var allajafna erfið. Ef til vill hefir húsfreyjan verið of sjálfstæð fyrir svo fastlyndan og nokkuð einþykkann mann. Ungu hjónin fóru litlu eftir giftingu í heimsókn til foreldra hans, en fengu þar kaldar viðtökur. Foreldrunum líkaði, af trúarlegum ástæðum, stórállt, að Comte skyldi ekki vera giftur í kirkju. Að vísu höfðu þau leyft þessa giftingu, en sárnauðug. Í París hafði Comte enga fasta atvinnu, lifði enn sem fyr helst af kenslu. Hann auglýsti eftir lærisveinum til heimakenslu. Aðeins einn kom, og varð Comte að gefa honum heimfararleyfi, því að varla gat borgað sig að reka svo lítinn skóla. Fátæktin hafði lamandi áhrif á Comte, gerði lundina beiska, og sambúð hjónanna erfiðari. Um það leyti sagði hann í bréfi til vinar síns: „Eg verð að leggja fram alla krafta mína til andlegra starfa. Mér er varnað að njóta þeirrar hamingju, sem er dýrmætust“.

Haustið 1826 auglýsti Comte, að hann ætlaði að halda nokkra opinbera fyrirlestra um nýja lífsskoðun og heimspeki, enda hafði hann þá fullmyndað þá andlegu byggingu, sem gert hefir nafn hans ódauðlegt. Hann vonaði, að fyrirlestrar þessir myndu afla honum nokkurs fjár, og auk þess afla honum frægðar og greiða götu hans til að fá lífvænlega stöðu. Hann hélt þrjá fyrirlestra. Þeir voru

ekki fjölsóttir, en það bætti úr, að í þeim hópi voru nokkrir af frægustu fræðimönnum, sem þá voru uppi. m. a. hinn frægi þýski vísindamaður, Alexander Humboldt. En er Comte hafði lokið þriðja fyrirlestrinum, bilaði heilsan gersamlega. Hann hafði ofreynt sig andlega og líkamlega, en fátækt og vonbrigði um heimilislífið bættust ofan á.

Comte var nú í meir en missiri á sjúkrahúsi hjá nafnuguðum geðveikralækni, en batnaði ekki. Foreldrar hans vildu þá, af trúarlegum ástæðum, loka hann inni í klaustri það sem eftir var æfingar. Þá greip frú Comte til sinna ráða, og notaði rétt sinn til að taka manninn sinn heim og hjúkra honum sjálf. En það varð hún að gera tengdaforeldrunum til geðs, að giftast Comte í annað sinn, og þá kirkjulegri vígslu. En brúðguminn var þá raunar brjáláður maður. Samt létti þessi undanlátsssemi skap foreldranna. Þau töldu sig hafa framið dauðasynd, er þau höfðu í augnabliks fljótræði leyft syni sínum að vanrækja eitt af sakramentum kaþólsku kirkjunnar, með því að ganga í borgaralegt hjónaband.

Eftir nokkurra mánaða veikindi heima náði Comte aftur til fulls heilsu sinni og starfsafli, og má telja víst, að þrátt fyrir alt hafi hann fyrst og fremst átt konu sinni batann að þakka. Hann byrjaði nú aftur að vinna að sínu mikla heimspekisverki, r a u n s p e k i n n i, Cours de philosophie positive. Fyrsta bindið af þessu mikla ritverki kom út í júlí 1830. Hið sjötta og síðasta 1842. Comte hafði þannig til jafnaðar verið tvö ár að fullgera og gefa út hvert bindi. Þessi 12 ár voru á allan hátt gæfusamasti hlutinn af æfi Comtes. Hann var heill og hraustur. Heimilislífið var óaðfinnanlegt út á við. Efnahagurinn var viðunandi, þótt ekki gæti hann talist góður. Og seinast en ekki síst lánaðist Comte á þessum árum að koma í skipulegt og varanlegt form heimspekiskerfi því, er hann hafði unnið að, beint og óbeint, frá því hann var unglingur.

Á þessum árum vonaðist Comte eftir, að hann gæti orðið háskólakennari í sögu vísindanna. Treysti hann í þeim efnum nokkuð á hinn volduga Guizot, er síðar réð einna

mestu hjá Løðvig Filippus Frakkakonungi. Úr þessu varð þó ekki, og í endurminningum sínum lætur Guizot í veðri vaka, að sér hafi gengið til gleymiska, en ekki viljaleysi. Comte hafði þekt Guizot allvel, meðan báðir voru í andófi við hið ráðandi vald í landinu fyrir 1830. Comte útskýrði sjálfur þessa gleymsku þannig, að Guizot hefði gengið til beiskja út af því, hversu lítið rúm frumfræðin (metafysik) hlaut í heimspekiskerfi Comtes. Annars taldi Comte nær að hafa einn háskólakennara til að fræða ungu kynslóðina um leit mannanna að hinum hæstu sannindum, eins og sæist í sögu vísindanna, heldur en hafa fjóra (þ. e. hina föstu kennara í heimspeki) til að fræða um draumóra og hugarburði heimspekinga á fyrri öldum. En þessi embættisleit varð árangurslaus. Ekki tókst Comte heldur að verða fastur kennari við fjöllistaskólann. Gegndi hann þó starfi



Comte

þar eitt ár fyrir annan mann, og þótti reynast vel. Aðalstarf hans var að vera prófdómari fyrir fjöllistaskólann. Sá sem gegndi því starfi, ferðaðist á vorin til helstu borga á Frakklandi, og prófaði unga menn, sem ganga vildu inn í skólann. Comte sá í aðra röndina eftir þeim tíma, sem hann eyddi í þessa brauðatvinnu frá hugðarmáli sínu, raunspekinni.

Einn af lærisveinum Comtes lýsir honum sem kennara, þar sem hann starfaði um stundarsakir. Comte kom inn í kenslusalinn á mínútuþni þegar klukkan sló 8. Hann var fremur lágur vexti, en þrekvaxinn, alt af í svörtum fötum, með hvítt bindi um hálsinn og gljáandi silkihatt, búinn eins og í kveldboð. Hann lagði silkihattinn og tóbaksdósirnar á borðið. Kendi síðan nákvæmlega í eina klukku-stund. Hvarf þá aftur þögull en kurteis, meðan klukkan á næsta turni sló 9. En undir þessu kalda yfirborði voru duldar heitar tilfinningar. Comte segir í einu bréfi, þar sem hann minnst á prófdómaraferðirnar, að augu sín hafi oft orðið full af tárur, þegar hann leit á efnilegan pilt, sem

hafði staðist prófið. Í sambandi við kenninguna um hin þrjú stig, er auðskilið, að hver slíkur maður glæddi hjá föður raunspekinnar vonir um framtíðarríkið, þar sem vísindaleg þekking væri leidd í öndvegið.

Árið 1842 byrja margskonar erfiðleikar að steðja að Comte. Þá kom að vísu út síðasta bindið af raunspeki hans, og með því hafði hann lokið við höfuðritverk sitt. En í formálanum fyrir þessu bindi gerði hann grein fyrir afstöðu sinni til manna og málefna, birti nokkra aðaldrætti úr æfisögu sinni. En þetta varð til þess, að hann tapaði prófdómarastrarfi sínu og meir en hálfum tekjum þeim, er hann hafði notið um nokkur ár. Comte minnst með þakk-læti á kensluna í fjöllistaskólanum, en telur brottreksturinn þaðan æfiólán sitt. Fyrir það hafi hann ekki getað lokið námi sínu og komist á „svartan lista“ hjá þjóðfélaginu, einkum fyrir forgöngu hins kirkjulega valds. Andóf þess hafi síðan haldið áfram látlaust, af því hinir afturhaldssömu óttist raunspekina og áhrif hennar. Comte segir, að sér hafi snemma orðið ljóst, að hann yrði að tvískifta sér: Vinna fyrir daglegu brauði, og annarsvegjar fást við hugðarmál sitt, heimspekina. Hann hafi valið sér stærðfræðina fyrir brauðatvinnu, einmitt af því, að hún hafi verið nógu fjærskyld því efni, sem hann helst vildi hugsa um. En skólar ríkisins hafi verið lokaðir, og sjaldnast um annað að gera en einkakenslu. Árum saman hafi hann kent stærðfræði 6—8 stundir á dag, og á mörgum árum hafi hann ekki getað notið svo mikið sem þriggja vikna frelsis, annaðhvort til hvíldar, eða samstæðrar vinnu. Heimspekisrannsóknirnar hafi hann orðið að gera í hinum strjálu, sundurslitnu augnablikum, sem afgangi hafi orðið frá stundakenslunni.

En þyngst af öllu segir Comte að sér falli óvissan um aðalstarf sitt, prófdómarastöðuna. Kennarar við fjöllistaskólann kjósi árlega mann til þess starfa. Sumt af þessum mönnum séu vinir. Aðrir andstæðingar. Inn í hverja endurkosningu blandist deila um raunspekina og gildi hennar. Með hverju ári sem líði verði meiri hætta, að stærð-

fræðingarnir, sem mestu ráði við skólann, láti bitna á honum gremjuna fyrir að hafa skapað nýja vísindagrein, félagsfræðina, sem fyr en vari skipi öndvegið meðal allra vísindagreina.

Þessi sjálfæfisaga er beisk og sár stuna mikils manns, sem alt af hefir verið fyrir borð borinn af samtíð sinni, af því hann var langt á undan og hafði hærri sjónarmið. Comte hafði safnað þekkingu og ritað sitt mikla verk í andstöðu og óþökk þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem eiga að greiða fyrir mentun ungra manna og vísindalegum störfum.

Frú Comte vissi um þennan bersögla formála manns hennar, og með kvenlegri skarpskygni skildi hún hættuna. Hún þrabað mann sinn að birta ekki þessa ádeilu, en hann gerði það samt. Eins og við mátti búast urðu kennararnir við fjöllistaskólann sárreiðir Comte og sviftu hann til fulls þeirri atvinnu, sem hann hafði haft þar. Sambúð hjónanna versnaði um sama leyti. Frú Comte gat með sanni sagt, að ef fylgt hefði verið hennar ráðum, myndu þau ekki hafa mist tekjur sínar. En Comte sjálfum mun hafa þótt hin innri nauðsyn, að segja sannleikann, svo rík, að eigi yrði hjá komist. Leiddi misklið þessi brátt til fullkomins hjónaskilnaðar. Samt hélst vinátta nokkur með þeim hjónum. Þau skiftust á bréfum og hún lét sér til dauðadags mjög ant um gengi áhugamála hans.

Um þetta leyti var John Stuart Mill frægastur heimspekingur í Englandi. Comte og Mill voru að mörgu leyti andlega skildir, og rit Comtes höfðu vakið meiri eftirtekt í Englandi heldur en nokkru öðru landi. Í raunum sínum ritar Comte nú Mill vini sínum. En hann bregður vel við og safnar hjá nokkrum efnuðum mentamönnum í Englandi 240 sterlingspundum til framfærslu Comtes. Gefendurnir, að undanskildum Stuart Mill, litu á þetta eins og bráðabirgðarhjálp, meðan Comte væri að leita sér að annari atvinnu. Liðu svo fáein missiri, að Comte hafði tekjur til lífsviðurværis frá enskum styrktarmönnum. En „leiðir verða langþurfamenn“, og svo fór hér. Comte gat tæplega fengið nokkra atvinnu, eins og á stóð, í Frakklandi, nema

hina erfiðu tímakenslu. Hann gerði ráð fyrir, að hjálpin frá Englandi væri varanleg, bygð á skilningi gefendanna á hans þýðingarmikla æfistarfi. Lét Comte þetta berlega í ljósi í bréfum til Stuart Mill. Kunni hann illa þessum hugsunarhætti. Að vísu vildi hann sjálfur halda áfram stuðningi þessum, en gat ekki fengið féлага sína til þess. Hætti þá fjárstuðningurinn frá Englandi.

Þegar Comte var í þessum kröggum, kyntist hann (1845) ekkju lifandi manns, frú Vaux að nafni. Comte lagði á konu þessa hina mestu ofurást. Varð hún í augum hans fullkominn dýrlingur. Ekki er annars mikið kunnugt um konu þessa. Hún hafði samið og gefið út ritling nokkurn, og þótti Comte hann bera vott um svo mikla hæfileika, að hann líkti frú Vaux við George Sand, hinn frægasta kvenrit höfund aldarinnar. Það var hið mesta oflof, en einstaka fallegar setningar hafa lifað úr ritlingi þessum, t. d. þessi: „Göfug sál leynir harmi sínum“. Ári eftir að kynning þessi hófst, andaðist frú Vaux. Comte var óhuggandi eftir dauða hennar. Ást hans varð að tilbeiðslu. Hann gekk á hverju miðvikudagskveldi einskonar pílgrímsferð að gróf hennar. Auk þess mintist hann ástvinu sinnar þrem sinum á dag í innilegri bæn, hvar sem hann var staddur. Sjálfur líkti Comte aðdáun sinni við tilfinningar Dantes gagnvart hinni írægu Beatrice, sem orðið hefir ódauðleg af því Dante taldi, að hún hafi verið verndarengill hans gegnum margvíslegar vistarverur í öðrum heimi. Lærisveinar Comtes, sem tekið hafa trú hans og halda uppi litlum söfnuði, hafa gert frú Vaux að einskonar dýrlingi safnaðarins, sökum þeirra djúpu áhrifa, sem hún hafi haft á brautryðjanda raunspekinnar.

Eftir andlát frú Vaux þjáðist hann í einu af innilegum söknuði og sárri fátækt. Kona hans hafði fengið bróðurpartinn af þeim litlu tekjum, sem honum gátu áskotnast. En þrátt fyrir allskonar andstreymi bugaðist ekki kjarkur hans. Hann byrjaði að búa sig undir að rita nýtt heimspekisverk, einskonar lokabyggingu ofan á grundvöll raunspekinnar. Auk þess eyddi hann töluverðum tíma til að

vinna að almennri fræðslu, í því skyni, að auka skilning almennings á niðurstöðum náttúruvísindanna. Frá því um 1820 höfðu nemendur frá fjöllistaskólanum haldið fræðandi fyrirlestra um náttúrufræðileg efni. Comte hafði tekið þátt í því starfi og haldið árum saman allmarga ókeypis fyrirlestra, fyrst um stjörnufræði og síðar um raunvísindin. Árið 1848 stofnaði hann raunspekisfélagið, og ætlaðist til, að það næði tökum á hinni nýju byltingu, eins og Jakobinaklúbburinn á stjórnarbyltingunni miklu. En félagið varð aldrei nema fámennur hópur. Á næstu þrem árunum hélt Comte enn allmarga opinbera en ókeypis fyrirlestra um félagsmál og stjörnufræði. Einn af lokafyrirlestrunum endaði með þessum orðum: „Í nafni fortíðar og framtíðar koma þjónar mannkynsins, bæði heimspekingar og forgöngumenn framkvæmdanna, og heimta að fá að taka við forustu í þýðingarmestu málum þjóðanna. Takmark þeirra er að vera forsjón á öllum sviðum, í siðferðilegri, andlegri og efnalegri framþróun“. Fáum vikum síðar varð Napoleon III. einskonar forsjón Frakka, en ekki raunspeki Comtes.

Maður er nefndur Emile Littré. Hann var þrem árum yngri en Comte, nafnfrægur málfræðingur og heimspekingur. Hann fylgdi raunspekisstefnunni og var alúðarvinur Comtes. Littré var vel kunnugt um, að eftir að framlög hættu að koma frá Englandi, átti Comte við hina mestu fjárhagsörðugleika að stríða. Gekst hann þá fyrir því, að fylgismenn raunspekinnar í Frakklandi mynduðu félag til að borga Comte föst árslaun það sem hann átti þá eftir ólifað. Stuart Mill gekk í þennan félagsskap, þó að honum hefði lítt verið þökkun hans fyrri framgangi. Félag þetta borgaði Comte viðunanleg árslaun síðustu 9 árin sem hann lifði. En fátæktin hafði kent honum að spara. Eru enn til vasabækur hans frá síðustu árunum. Hafði hann ritað þar hverja smáupphæð, sem hann eyddi, og var engu eytt til óþarfa. Framan af æfi hafði Comte haft yndi af sjónleikjum, en átt erfitt með að veita sér þá ánægju. Síðast steinhætti hann að fara í leikhús, og sótti ekki aðrar skemtanir en söngleiki í óperunni, þegar kringumstæður hans leyfðu.

Kynningin við frú Vaux hafði haft djúp og varanleg áhrif á Comte. Hneigðist hann eftir það meir og meir að dulspeki. Á árunum frá 1851—54 gaf hann út hið nýja ritverk, sem átti að vera nokkurskonar áframhald af raunspekinni. En raunar varð síðara verkið fremur um trú en vísindi. Mannkynið var hin æðsta vera og Comte sjálfur nokkurskonar æðsti prestur. Lærisveinum hans sumum hinum helstu, t. d. Littré, þótti hið mesta mein að þessari breytingu, og slitu við hann samvistum, eins og Comte hafði sjálfur yfirgefið Saint Simon fyrir svipaðan skoðanamun. Fátækt, áreynsla, vonbrigði og sorgir höfðu lamad þrótt hans. Trúaráhrif bernskuheimilisins komu nú aftur fram, endurfædd í dulspeki og draumórum. Mannkynið varð hin æðsta vera, og tilgangur lífsins að gera mennina goðum líka. Framför mannkynsins, sífeld og óslitin, væri takmarkið. Skipulagið undirstaða. Vegurinn kærleikur. Menn sem þektu Comte vel á síðustu árum hans, segja að látbragð hans og framkoma hafi verið eins og endurskin af mildi og göfgi hugans. Comte sagði, að hver raunspekingur yrði daglega að lesa í einhverju skáldlegu meistaraverki ekki minna en sem svaraði einu kvæði í Dante. Sjálfur las hann daglega á efri árum skáldskap og dulspeki, einkum eftir spánverska og ítalska höfundu. En kærastur af öllum skáldum var honum Dante, hinn mikli brautryðjandi ítalskra bókmenta. Inn í skáldskap Dantes er mjög fléttuð bernskuára aðdáun hans á Beatrice. Dante sá Beatrice fyrst og varð hugfanginn, er hann var níu ára en hún einum vetri yngri. Beatrice giftist öðrum manni meðan hún var kornung, og dó rúmlega tvítug. En endurminning um þessa bernskuást var varanleg í huga skáldsins og Beatrice var höfuðpersóna í skáldskap Dantes, verndarengill hans á ferðum hugans um löndin hinumegin grafar. Comte þótti aðdáun Dantes á Beatrice minna á aðdáun hans sjálfs á frú Vaux. Æskuástin hafði gefið hinu unga skáldi guðlega andagift. Á sama hátt hafði ást hins aldraða heimspekings gefið honum innsýn í töfralönd dulpekinnar. Það varð að trúarlegri þörf fyrir Comte, að

minnast ástvinu sinnar. Dálftill söfnuður myndaðist utan um Comte, og helst hann við bæði í Frakklandi, Englandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum. Eru það draumóramenn, sem hirta lítt um raunspeki hans, en hafa orðið hrifnir af hinni einkennilegu mannúðardýrkun hnignunarára hans.

Á yngri árum hafði Comte lesið feiknamikið, safnað sér þekkingarforða um niðurstöður raunvísindanna á öllum sviðum, eins og samtíð hans hafði lengst komist. En eftir að hann byrjaði að undirbúa heimspekisrit sín, las hann tiltölulega lítið. Voru til þess tvær ástæður. Hann varð að eyða miklum hluta dagsins í tímakenslu til að vinna fyrir daglegu brauði. Og í öðru lagi vildi hann ógjarnan trufla starf hugans með nýjum áhrifum. Þegar hann var að semja höfuðrit sitt, raðaði hann efninu í huganum, stundum á löngum gönguferðum, en skrifaði ekkert sér til minnis. Þegar hann hafði þrauthugað hvern kafla og fullskapað hann orði til orðs í huganum, byrjaði hann að skrifa, og ritaði þá eins og eftir upplestri. Með þessu varð kerfi Comtes ákaflega heilsteypt og gegnhugað. En stíllinn á ritum hans er nokkuð þunglamalegur, og ekki með þeim glæsimenskubrag, sem einkennir flest eftir franska rithöfunda. Comte kallaði þessa miklu minnisraun „heilaleikfimi“ sína. Fáir menn hafa gengið lengra en hann í að einangra alla krafta sálarlífsins við eitt viðfangsefni. Stundum las hann ekkert blað eða tímarit tímunum saman. En vinir hans létu hann vita, hvað fram fór í heimi vísindanna. Lítil vafi er á, að þetta vinnulag, að reyna svo gífurlega á minnið, hefir átt mikinn þátt í að lama heilsu hans og starfsþrek.

Comte þjáðist af krabbameini síðustu missirin sem hann lifði. Hann andaðist 5. sept. 1857. Lærisveinar hans um allan heim minnst á þeim degi ársins þess manns, sem fyrstur leiddi ljós rök að því, að framför mannkynsins væri háð því skilyrði, að mennirnir þektu og viðurkendu gildi náttúrulaganna, sem ráða forlögum manna og þjóða.